

Reykjavík, 27. september 2021
SFS2020100033
217. fundur
HG/res

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði varðandi fjölda læsisfræðinga

Á fundi borgarráðs, 1. október 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins í borgarráði fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um hvað margir læsisfræðingar starfa í leik- og grunnskólum Reykjavíkur? Læsisfræðingar eru þeir sem hafa lokið meistaragráðu í læsisfræðum við innlendan eða erlenda háskóla og eru því sérfræðingar á sviði náms og kennslu í læsi. Hlutverk læsisfræðinga er fjölbreytt. Læsisfræðingar eru án efa góð viðbót við flóru starfsfólks skóla. Þeir þekkja vel til á sviði rannsókna og vita hvaða kennsluaðferðir eru raunprófaðar og hafa sýnt árangur. Störf þeirra geta snúið að beinni kennslu nemenda í læsi, greiningum á lestrarvanda, eftirfylgni barna, ráðgjöf og stuðningi við kennara og foreldra auk aðkomu að stefnumótun varðandi læsiskennslu.

Svar:

Þeir kennarar og ráðgjafar sem hafa sérhæft sig í læsi og eru þar af leiðandi sérfræðingar á sviði náms og kennslu í læsi eru afar mikilvægir og hefur áhersla verið lögð á að fá þá til starfa á skóla- og frístundasviði. Eins og fram kemur í fyrirspurninni er hægt að nema þau fræði bæði hér heima og erlendis. Hí bíður t.d. upp á menntunarfræði leik- og grunnskóla með áherslu á máláþroska og læsi. Þar er um að ræða viðbótar diplómunám, 60 einingar á meistarastigi fyrir leik- og grunnskólakennara og annað fagfólk í menntakerfinu. Þeir einstaklingar sem lokið hafa slíku námi fara í ekki í starfsheitið læsisfræðingur heldur eru þeir í öðrum starfsheitum svo sem eins og kennari, kennsluráðgjafi, talmeinafræðingur og verkefnastjóri. Því liggja ekki fyrir upplýsingar í kerfum Reykjavíkurborgar um hversu margir hafa þessa menntun eða sérhæfingu. Það gerir það að verkum að ekki liggja fyrir upplýsingar í kerfum Reykjavíkurborgar hversu margir hafa þessa menntun eða sérhæfingu.

En eins og fram kemur í Aðalnámskrá leik- og grunnskóla og í Menntastefnu Reykjavíkur til 2030 er Læsi einn megin þátturinn. Því leggur Skóla- og frístundasvið (SFS) mikla áherslu á læsi, bæði læsi í daglegu starfi leikskólans, lestrarnám og læsi í grunnskóla og frístundalæsi. Eitt af stóru verkefnum undanfarin ár er stofnun Miðju máls og læsis (MML) sem heldur utan um aðgerðir sem miða að því að efla málþroska, lestrarfærni og lesskilning allra barna. Megin markmið Miðju máls og læsis (MML) er að efla fagmennsku kennara og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi með ráðgjöf, símenntun og

stuðningi við markviss vinnubrögð með mál og læsi og að tryggja aðgengi alls starfsfólks og kennara í skóla- og frístundastarfi að ráðgjöf og stuðningi við fagleg vinnubrögð með mál og læsi.
<https://mml.reykjavik.is/>

HLUTVERK LÆSISRÁÐGJAFNA MIÐJU MÁLS OG LÆSIS ER AÐ:

- styðja leikskólakennara og starfsfólk leikskóla við að byggja upp ríkulegt mál- og læsisumhverfi í öllum leikskólum borgarinnar,
- styðja starfsfólk í frístundastarfi við að nýta þau tækifæri sem liggja í starfi á frístundaheimilum og í félagsmiðstöðvum til að vinna með mál og læsi
- styðja grunnskólakennara og starfsfólk í grunnskólum við að þróa og beita kennsluháttum sem reynast best við lestrarkennslu í blönduðum nemendahópi og vinna með læsi í víðum skilningi,
- standa fyrir námskeiðum og fræðslufundum fyrir starfsfólk og kennara í skóla- og frístundastarfi,
- halda úti vef með fræðsluefni og leiðbeiningum um vinnu með mál og læsi,
- auka færni kennara beggja skólastiga við að efla mál og læsi allra barna með sérstaka áherslu á börn sem ljóst er að þurfa stuðning,
- skapa vettvang fyrir tengslanet starfsfólks og kennara í skóla- og frístundastarfi sem hittist reglulega til að miðla og afla nýrrar þekkingar,
- auka þekkingu og færni kennara beggja skólastiga til að vinna með foreldrum að því að efla mál og læsi á íslensku og fjölbreyttum móðurmálum.
- veita kennsluráðgjöfum og skólum ráðgjöf vegna framkvæmdar, úrvinnslu niðurstaðna og eftirfylgni vegna skimana.

Ráðgjafar MML í málþroska og læsi eru fimm og eru þeir allir með meistaragráðu og eru sérfræðingar í læsi. Þeir eru sérfræðingar í læsi í leikskóla, sérfræðingar í læsi í grunnskóla, sérfræðingar í ritun og lestrarvanda auk þeirra starfar hjá MML talmeinafræðingur en allir talmeinafræðingar eru sérfræðingar í læsi.

Þá er vitað að bæði hafa ýmsir leikskólakennarar og grunnskólakennarar sérhæft sig í læsi og nýta þá sérþekkingu dags daglega í sínum störfum. Þá ber einnig að nefna að hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkur starfa kennsluráðgjafar og talmeinafræðingar en þeir eru allir sérfræðingar í læsi og styðja kennara og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi og foreldra.